

## Viðhengi 6 – Runólfur Birgir Leifsson

Til ráðamanna í Garðabæ.

### Efni: aðalskipulag 2016 - 2030

Góðan dag kæra bæjarstjórn og aðrir sem sjá um skipulagsmál Garðabæjar.

Ég vil byrja á að þakka fyrir mjög góðan kynningarfund um daginn í Flataskóla um aðalskipulagið. Það var vel að honum staðið og góðar kynningar. Það eru nokkur atriði sem mig langar að gera athugasemdir við varðandi aðalskipulagið.

1. Álftanes er samþykkt sem sveit í borg og ég er mjög ánægður með það. Það er nauðsynlegt að eiga slíkt svæði á höfuðborgarsvæðinu og ekkert svæði betur til þess fallið í dag en Álftanes. Kannski eina svæðið sem getur staðið undir því nafni. Í því hlýtur að felast að svæðið er mjög strjálbýlt, mikið um móa, svæði fyrir húsdýr s.s. hesta, hænsn og helst fleiri tegundir. Nú eru t.d. kindur við Gesthúsavör sem er mjög vel við eigandi. Einnig hlýtur að vera mikið fuglalíf í sveit í borg. Þetta er allt ennþá til staðar á nesinu ásamt með fallegum sjávarströndum og í því felast mikil verðmæti, en mér finnst tillögurnar að aðalskipulagi ganga þvert á þessa stefnu. Eftir því sem ég best veit er svæðið líka mikilvægur áningarstaður fyrir margæsirnar á leið sinni til Grænlands og Kanada. Það ber að virða. Ég vil mótmæla þeim áformum sem ganga gegn því að Álftanes verði sveit í borg og tel að best sé að byggja ekki meira á nesinu.
2. Eins og kom fram á fundinum þá er Garðaholtið talið til Álftaness og það er mjög mikilvægt að það falli undir skilgreininguna sveit í borg. Þar ætti því ekki að byggja. Ég er auðvitað mjög ánægður með að búið sé að friðlýsa Garðaholt og Garðahverfi frá Garðavegi og að ströndinni. Hins vegar munu fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir norðan við Garðavegin stórskaða og þrengja að svæðinu þannig að það verður vart svipur hjá sjón. Ég vil því mótmæla fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum á Garðaholti. Á það má líka benda að með því að setja fyrirhugaða byggð í Garðaholt þá verða samgöngumál mjög erfið og líkur á að þrýstingur myndist á veg í gegnum nesið, yfir sjóinn til Reykjavíkur. Þá er útséð með að við eigum ennþá þessa fallegu sveit í borg.
3. Ég skildi kynninguna á fundinum þannig að ekki verði byggt meira á Bessastaðanesi þrátt fyrir breitingu á nýtingarheiti úr landbúnaðarsvæði í samfélagssvæði. Nesið verði áfram nýtt til útivistar fyrir almenning, haga fyrir hesta og varpland fugla ásamt núverandi byggingum fyrir forsetaembættið. Það er gott.
4. Ég er líka mjög ánægður með að það eigi að bæta almenningssamgöngur, ef ég hef skilið kynninguna rétt.
5. Eftir að nýi Álftanesvegurinn kom þá voru gerð erfið og hættuleg gatnamót við gamla Álftanesveginn norðan við Garðaholt. Sennilega væri best að búa þar til hringtorg.
6. Ég legg til að Vífilsstaðir verði ekki nýttir fyrir stóran spítala, heldur áfram nýttir sem öldrunar- og hjúkrunarheimili. Mikilvægt er að búa til fallett umhverfi fyrir gamla fólkið og þar eru Vífilsstaðir góður kostur. Þar er fallett umhverfi sem hægt er að ganga um og njóta útiveru. Stór spítali myndi eyðileggja kyrrðina og fallett umhverfið m.a. með mikilli bílaumferð. Svæðið myndi ekki njóta sín og í raun væri glapræði að fórna svona fallegu svæði fyrir spítala.
7. Álftanes og Vífilsstaðir (og nágrenni með Vífilsstaðavatn og Heiðmörk) eru einstök svæði og einstaklega verðmæt eins og þau eru í dag. Ef þeim verður fórnað þá er það auðvitað ekki aftur tekið og verður okkar kynslóð líklega til ævarandi skammar. Ég vona því svo innilega að það verði samþykkt að vernda þessi svæði. Við stöndum á tímamótum því svæðin eru tiltölulega ósnortin í dag og við erum kynslóðin sem getur tekið ákvörðun um að varðveita

þau eða skemma þau. Að mínu mati er miklu meira verðmæti í svæðunum eins og þau eru í dag, fremur en með miklum byggingum. Þau verðmæti er kannski erfitt að reikna í krónum og aurum, en þau felast frekar í fallegu mannlífi, vellíðan og hamingju. Hugsum líka um það.

Með kærri kveðju,

Runólfur Birgir Leifsson  
280958-2639  
Miðskógum 11  
225 Álftanes